

## 11. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 18. september 2020, kl. 14:30

**Mættir eru:** Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE), Sara Þöll Finnbogadóttir (SPF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL). **Frá skrifstofu:** Tinna Isebarn (TI), Sigurður Helgi Birgisson (SHB) og Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS).

*Fundarstjóri: Geir Finnsson (GF)*

*Fundur settur 15:08*

### Dagskrá:

1. **Nýtt hlutverk SHB:** UH, GF og TI leggja til að [SHB verði lögfræðingur LUF](#) og falið að annast hagsmuna- og réttindamál félagsins og sinna rýni lagafrumvarpa og umsagnagerð, m.a. á grundvelli [samstarfs við félagsmálaráðuneytið](#). LUF hefur á seinustu árum veitt aðildarfélögum og félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í ýmsum málum sem jafnan eru lagalegs eðlis. Hefur það hingað til fallið í hlut framkvæmdastjóra að sinna þeirri þjónustu en eðlilegast væri að löglærður einstaklingur sinnti aðstoð og ráðgjöf af þessum toga. Er því lagt til að úr því verði bætt með þessari ráðstöfun. Einnig koma upp sífellt fleiri mál varðandi rekstur og starfsemi LUF sem eru í grunninn lögfræðileg álitaefni sem þarfnast sérþekkingar til úrlausnar. Tillaga að nýju hlutverki lögfræðings á skrifstofu LUF er í samræmi við [samþykktir félagsins](#). Þar er kveðið á um að markmið félagsins sé m.a. „að tala fyrir hagsmunum ungs fólks á Íslandi“ og „vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi.“

1.1. **Umræða:** Fundarmenn eru sammælast um að brýn þörf fyrir hlutverkið sé fyrir hendi og rædd eru þau stórauknu afköst og meiri gæði í starfi LUF eftir að starfsmönnum tók að fjölga. Í framhaldi af nýju hlutverki lögfræðings LUF er ákveðið að stefna að því í framtíðinni að LUF starfræki sérstaka hagsmuna- og réttindaskrifstofu ungs fólks sem veitir félagsmönnum ráðgjöf um réttarstöðu þeirra og aðstoðar við að ná fram réttindum á víðtæku sviði. Lagt er upp með að nýtt hlutverk lögfræðings LUF leggi grunn að starfrækslu slíkrar réttindaskrifstofu.

1.2. **Tillaga** að endurskoðuðum ráðningarsamningi við SHB er samþykkt einróma. *SHB og HVS bætast við á fundinn.*

2. **Fundargerðir til samþykktar:**

2.1.1. [9. stjórnarfundur](#)

2.1.2. [10. stjórnarfundur](#)

2.1.3. [2. Leiðtogaráðsfundar](#)

2.1.4. **Umræða:** Gerðar eru ýmsar athugasemdir við fundargerðirnar og ákveður stjórn að samþykkja þær með skilyrðum um að skrifstofa fari betur yfir þær í samræmi við athugasemdir stjórnar.

3. **Tillögur að breytingum á samningi við félagsmálaráðuneytið:** Lagt er til að óska eftir 1 m.kr. aukalega fyrir tvo neðangreinda verkþætti til viðbótar:

3.1. d) LUF mun koma á fót réttindaskrifstofu LUF í samráði við félagsmálaráðuneytið. Með þessu mun LUF veita ráðgjöf í réttinda- og hagsmunamálum og aðstoð veitt ungu fólki sem leitar til LUF sem telja að á rétti sínum sé brotið.

- 3.2. e) LUF sinnir gagnaöflun og vinnur þarfagreiningu til að leggja grunn að heildstæðri stefnu í málefnum ungs fólks (e. National Youth Policy) sem síðar krefst aðkomu allra ráðuneyta og hagsmunaaðila.
- 3.3. **Tillaga að minnisblaði** með útskýringum og rökstuðningi fyrir tillögunum sem ætlað er að fylgja samningstillögunum.
  - 3.3.1. **Ákvörðun stjórnar:** Öll mál í lið 3. á dagskrá eru samþykkt einróma.
4. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:**
  - 4.1. HVS kynnir lokadrög starfsnema á rannsókn um rekstrarstöðu ungmennafélaga og fjallar um þau atriði sem uppá vanta.
  - 4.2. Send hefur verið tilkynning á mennta- og menningarmálaráðuneytið um að SBH taki við sæti TI í Æskulýðsráði.
  - 4.3. Skrifstofa fundar með samskiptaráðsjafa miðvikudaginn 23. september.
5. **Rekstur LUF:** TI upplýsir stjórn um stöðu fjármála.
  - 5.1. **Húsnæðismál:** Í ljósi fjölgunar starfsmanna á skrifstofu LUF er þörf fyrir stærra skrifstofurými. TI hefur átt viðræður við stjórnendur HH um flutning innan hússins. LUF hefur verið boðið helmingi stærra rými og með því myndi leiguverð félagsins á mánuði hækka um helming. Tillaga að samningi frá HH er samþykkt og er TI falið að ganga frá samningi.
  - 5.2. **Skrifstofubúnaður:** Stjórn samþykkir kaup á þeim búnaði sem vantar á skrifstofu.
6. **Vinnufundur** 22. september um mótun stefnu um tómstundastarf barna og ungs fólks: Í samskiptum við starfsmann Æskulýðsráðs hefur komið í ljós að LUF hafi ekki borist rétt fundarboð og upp hafi komið misskilningur. Eftir að LUF hafði hvatt sem flesta fulltrúa aðildarfélaganna til að sækja fundinn kom í ljós síðar að LUF ásamt aðildarfélögum fengju einungis 6 sæti á vinnufundinum.
  - 6.1. Stjórn ákveður því að UH, SÁS og HVS sækji fundinn fyrir hönd stjórnar og skrifstofu LUF. Stjórn ákvað þá að SÍF, fjölmennasta aðildarfélag LUF, fái tvö sæti á fundinum og UU fær eitt - þar sem félagið sem sóttist eftir þátttöku en fékk ekki sæti. Einhverra hluta vegna fengu einhver aðildarfélög LUF boð á fundinn og komu þau þess vegna ekki til greina.
  - 6.2. Samráð fulltrúanna: Ákveðið var að búa til samráðshóp á Facebook fyrir fulltrúa LUF á fundinum þar sem Leiðtogaráð getur átt umræðu um stefnuna og komið sínum áherslumálum á framfæri við þá 6 fulltrúa LUF á fundinum. Var þetta gert einkum í ljósi þess að óánægjuraddir komu upp varðandi vinnuheiti stefnunnar sem ekki þykir viðeigandi fyrir hagsmuna- og réttindabaráttu ungs fólks.
7. **Rsk-málið:** Eins og greint var frá á [9. stjórnarfund](#) var sótt um til fyrirtækjaskrár um að heita LUF til bráðabirgða. Umsókninni var hafnað. Fyrirtækjaskrá segist ekki skrá skammstöfun, heldur heiti félags skv. samþykktum. Í ljósi þess að fordæmi eru fyrir því að stofnunin hefur áður skráð skammstafanir er SHB falið að óska eftir frekari skýringum á neituninni og á hvaða grundvelli hún er byggð.
8. **Leiðtogaskólinn:** Undirbúningsfundur þjálfarateymis fer fram 1. október kl. 17:15.
9. **Alþjóðamál**
  - 9.1. Beiðni um fulltrúa LUF í úthlutunarnefnd NUBF: Skrifstofa ákveður að skipa HVS í nefndina.
  - 9.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir fulltrúm frá LUF til þess að sækja „[EU Youth Conference](#)“ fyrir Íslands hönd. Stjórn ákveður að tilnefna GF og TTL.

- 9.3. Aðalþing YFJ: Fer fram 20.- 22. nóvember 2020 á netinu. SPF verður fulltrúi LUF á þinginu. Mun hún hafa samband við alþjóðanefn í tengslum við þau skjöl sem verða til umræðu.
10. **Aðildarmál:** HVS greindi frá skýrslum um aðildarumsóknir.
- 10.1. Aðildarumsókn [Ungmennaráðs UN Women](#) er samþykkt með lófaklappi.
- 10.2. Aðildarumsókn [Ungliðaráðs ÖBÍ](#) er samþykkt með lófaklappi.  
Umsóknir samþykktar með lófaklappi.
11. **Þriðji leiðtogaráðsfundur.**
- 11.1. Skal halda fyrir lok nóvember skv. samþykktum og var HVS falið að útbúa skoðanakönnun um fundartíma.
- 11.2. Fundargögn: TI greindi frá drögum að dagskrá og þeim fundargögnum sem þurfa að fara fyrir fundinn skv. samþykktum.
- 11.3. Samþykkt var að kosið yrði Ungmennafulltrúa Íslands á sviði kynjajafnréttis til að sækja Generation Equality Forum.
12. **Næsti stjórnarfundur:** HVS falið að gera skoðanakönnun.
13. **Önnur mál:** Ósk um fund með SÍF varðandi Skuggakosningar 2021. TI falið að boða fund með SÍF

*Fundi slitið 15:53  
TI ritaði fundargerð*